



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

MENNINGARNÓTT Á BESSASTÖÐUM

Forsetasetrið að Bessastöðum verður opið almenningi í tilefni Menningarnætur, laugardaginn 20. ágúst. Forseti Íslands mun taka á mótí gestum og býðst fólki að skoða staðinn milli klukkan 13:00 og 16:00. Síðast var opið hús á Bessastöðum þann 18. júní og heimsóttu þá ríflega þúsund manns forsetasetrið.

Bessastaðastofa var byggð á 18. öld og á sér merka sögu. Í húsinu má sjá sýnishorn gjafa, sem forseta hafa borist, og fornleifar í kjallara veita innsýn í búsetu á Bessastöðum allt frá landnámstíð. Auk Bessastaðastofu munu gestir geta skoðað móttökusal og bókhöfuð forsetasetursins. Þá mun fyrsti forsetabíllinn, Packard bifreið Sveins Björnssonar, standa í hlaði en bifreiðin er árgerð 1942.

Starfsmenn embættis forseta og aðstoðarmenn veita upplýsingar um staðinn og verða gestum til aðstoðar.

18. ágúst 2022

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Una Sighvatsdóttir (895 8885).